

## Fyrirspurn

til umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra um  
vernd í þágu líffræðilegrar fjölbreytni.

Frá Andrésí Inga Jónssyni.

1. Til hvaða aðgerða var gripið svo að uppfylla mætti 11. Aichi-markmið um líffræðilega fjölbreytni, þar sem kveðið var á um að fyrir árið 2020 skyldu 10% alls strand- og hafsvæðis njóta verndar og 17% alls landsvæðis? Hver voru þessi hlutföll á Íslandi þegar markmiðin voru samþykkt og hver voru þau við lok þess tímabils sem Aichi-markmiðin tóku til?
2. Hvaða aðgerða á að grípa til svo að uppfylla megi svokallað 30×30-markmið, sem samþykkt var á 15. fundi aðildarríkja að samningi Sameinuðu þjóðanna um líffræðilega fjölbreytni, þar sem kveðið er á um að fyrir árið 2030 skuli 30% alls hafsvæðis njóta verndar og 30% alls landsvæðis? Hver voru þessi hlutföll á Íslandi þegar markmiðin voru samþykkt?

Skriflegt svar óskast.